

Framkvæmdaneftnd um einkavæðingu,  
bt. Ólafs Davíðssonar, formanns,  
Forsætisráðuneytinu,  
Við Lækjartorg,  
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. september 2002

Í bréfi sem sent var af framkvæmdaneftnd um einkavæðingu stílað á Björgólf Thor Björgólfsson, Magnús Þorsteinsson og Björgólf Guðmundsson fyrr í dag segir: "Að mati nefndarinnar eiga á þessu stigi að liggja fyrir nægjanlegar upplýsingar til að gefa ákveðið í skyn hvaða verð hver aðili er reiðubúinn að greiða fyrir hlutabréf í bankanum [Landsbanka Íslands hf.]." Á þeim fundi tók formaður nefndarinnar sérstaklega fram að á þeim tímapunkti væri ekki rétt að ræða um verðhugmyndir þar sem nægjanlegar upplýsingar lægu ekki fyrir um þá aðila sem sýndu kjölfestuhlut í Landsbanka Íslands hf. áhuga, sérstaklega væri þörf á að sýna fram á getu til fjármögnunar og fyrirkomulag eignarhalds. Þýðir þetta bréf að þeir þrír aðilar sem sýnt hafa kjölfestuhlut í bankanum áhuga hafi allir uppfyllt skilyrði framkvæmdaneftndar um einkavæðingu varðandi öll þau atriði sem komu fram í bréfi nefndarinnar, dags. 28. ágúst?

Eftir sölu á eignarhlut Landsbanka Íslands hf. í Vátryggingafélagi Íslands hf. hafa allar rekstrarforsendur bankans breyst verulega og óskaði undirritaður eftir svörum við spurningum í níu liðum, þann 29. ágúst s.l., sem ekki hefur verið svarað með fullnægjandi hætti. Þær spurningar sem þar komu fram hafa veruleg áhrif á það hvaða verð undirritaður og félagar hans eru tilbúnir að greiða. Í svarbréfi framkvæmdaneftndar um einkavæðingu, dags. 30. ágúst, kom fram að upplýsingar við þeim spurningum sem komu fram um leið og nefndin hefur valið einn viðræðuaðila. Ef framkvæmdaneftnd um einkavæðingu óskar eftir verð til grundvallar viðskiptum er nauðsynlegt að fá svar við fyrrgreindum spurningum. Undirritaður er tilbúinn að skrifa undir trúnaðaryfirlýsingu þess eðlis að upplýsingarnar verði ekki misnotaðar.

Þær spurningar sem um ræðir eru:

- Forstjóri Kaldbaks er í stjórn Eignarhaldsfélaganna Samvinnutrygginga og Andvaka, sem voru meðal þeirra félaga sem keyptu hlutabréfin í VÍS og kom hann með beinum hætti að kaupunum. Þessir aðilar eru í viðræðum við Einkavæðinganeftnd um kaup á kjölfestuhlut í LÍ sem tveir aðskildir aðilar. Er ekki umhagsmunaárekstra að ræða þegar að einn aðili tengist tveimur af þremur aðilum sem Einkavæðinganeftnd er að ræða við? Gera þessi tengsl hans Kaldbak vanhæft til kaupanna?
- Hefur Einkavæðinganeftnd endurskoðað afstöðu sína gagnvart þeim aðilum sem keyptu hlutabréfin í VÍS af LÍ varðandi mögulega aðkomu þeirra að kaupum á kjölfestuhlut í LÍ. Eru þessir aðilar vanhæfir í ljósi þessara viðskipta?
- Er Einkavæðinganeftnd kunnugt um einhverja aðra gjörninga varðandi LÍ og Bí sem mögulega munu rýra verðmæti þeirra og þannig hafa áhrif á áhuga þeirra aðila sem hafa sýnt bönkunum áhuga?

- Hvernig er fjármögnun þeirra hlutabréfa sem sold voru til Ker hf. (kaupa fyrir 2.630 mkr.), Samvinnulífeyrissjóðsins (kaupir fyrir 690 mkr.) og Eignarhaldsfélaganna Andvaka + Samvinnutrygginga (kaupa fyrir 500 mkr.)? Hvert er eiginfjárfamlag þessara félaga og sjóða í kaupunum, lánstími og aðrar tryggingar?
- Hvernig hefur verið tryggt að fyrrnefndir aðilar muni standa við kaupskyldu á bréfum, Ker hf. er skuldbundið til að kaupa til viðbótar 2.100 mkr., Samvinnulífeyrissjóðurinn 560 mkr. og Eignarhaldsfélaganna Andvaka + Samvinnutrygginga 340 mkr.? Hvernig munu þau kaup vera fjármögnum? Eru einhverjar útgönguleiðir fyrir viðkomandi aðila gagnvart kaupskyldunni?
- Er framtíðarverð í kaupskyldunni 26,0 eins og segir í fréttatilkynningu frá Ker hf., Samvinnulífeyrissjóðnum og Eignarhaldsfélögnum Andvaka + Samvinnutryggingum. Núvirðing þess verðs gefur að hluturinn er soldur á genginu 25,0. Meðalgengi í viðskiptunum er þannig 25,55. Er þetta rétt?
- Nú voru áhrif VÍS á afkomu LÍ jákvæð um 155 mkr. fyrrí hluta ársins eða sem nemur 17% af hagnaði tímabilsins. Sér LÍ ástæðu til að endurmetsa langtímaspár sínar um afkomu í ljósi þessa?

Framkvæmdaneftir um einkavæðingu á að vera ljóst að þessir þættir hafa það mikil áhrif á rekstrarhorfur Landsbanka Íslands hf. í framtíð að ekki er unnt að leggja mat á verðmæti bankans nema þeim sé svarað. Fulltrúar svonefnd S-hóps eiga fulltrúa í stjórn VÍS og eiga því mun auðveldara með að gera sér grein fyrir hvaða áhrif sala hlutabréfanna muni hafa á rekstrarafkomu bankans. Því gætir ekki jafnraðis með þær upplýsingar sem kaupendur hafa aðgang að.

Veigamesti þáttur í starfsemi banka er gæði þeirra útlána sem bankinn hefur veitt. Á fundi sem haldinn var með stjórnendum Landsbanka Íslands hf. þann 23. ágúst, og fulltrúi frá framkvæmdaneftir um einkavæðingu sat, voru stjórnendurnir spurðir nokkurra spurninga um gæði útlána bankans. Svar við þeim spurningum var ávallt að um trúnaðarupplýsingar væri að ræða sem ekki væri unnt að svara fyrr en búið væri að velja einn aðila af framkvæmdaneftir um einkavæðingu. Undirritaður hefur því engin gögn til varðandi veigamestu þætti í starfsemi bankans, en eins og berlega kom í ljós þegar að afkoma fyrstu sex mánaða var kynnt þá hafði gjaldþrot nokkurra viðskiptavina bankans verulega neikvæð áhrif á afkomu hans og benda til að afskriftareikningur bankans sé vanmetinn.

Einnig var spurt út í bókfærðar eignir bankans, sérstaklega í tölvubúnaði og húsnæði, sem eru verulega hærri en bókfærðar eignir Íslandsbanka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Var spurt um raunvirði þessara eigna. Ekki var mögulegt að svara þessari spurningu á fundinum og sagt að þetta myndi koma betur í ljós á síðari stigum. Er þarna um að ræða þátt sem kann að hafa veruleg neikvæð áhrif á afkomu bankans á næstu árum og mjög takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um.

Bókfært verð óskráðra eigna kom einnig til umræðu og var þar helst rætt um hlutabréf í Kaupási hf. Engar upplýsingar fengust um afkomu þess félags, fjárhagsstöðu og áætlanir þrátt fyrir að eign Landsbanka Íslands hf. í hlutabréfum Kaupáss hf. var bókfærð á 786 mkr. þann 30. júní 2002.

Virðingarfyllst,

Björgólfur Thor Björgólfsson,  
F.h. Magnús Þorsteinssonar og Björgólfss Guðmundssonar